

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðbrandur Ísberg f. h. sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu, greiði stefnandum, Þorvaldi Þórarinssyni f. h. Þorgeirs Magnússonar, kr. 114.130.78 auk 6% ársvaxta frá 21. júlí 1953 til greiðsludags og málskostnaðar, kr. 15.000.00.

Jafnframt er málskostnaður skipaðs lögmanns stefnda, Guðmundar Péturssonar, ákveðinn kr. 12.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. júní 1958.

Nr. 124/1957. **Garður h/f** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Kjartani Steingrímssyni

(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Domur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júlí 1957. Krefst hann sýknu af dómkröfum stefnda gegn greiðslu á kr. 7.623.86, án vaxta. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa fyrrverandi framkvæmdastjóri áfrýjanda og stefndi gefið aðiljaskýrslur í málinu.

Gegn andmælum stefnda er ekki sannað, að áfrýjandi hafi haft heimild til að færa stefnda til skuldar fjárhæð þá, kr. 53.414.92, sem lýst er í héraðsdómi, og þar sem hinn hluti dómkröfu stefnda, kr. 7.623.86, er viðurkenndur, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Garður h/f, greiði stefnda, Kjartani Steingrímssyni, kr. 7.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 18. maí 1957.

Ár 1957, laugardaginn 18. maí, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, upp kveðinn dómur í greindu máli, sem dómtekið var 14. þ. m.

Mál þetta var höfðað fyrir aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu með stefnu, útgefinni 9. apríl 1957 af Kjartani Steingrímssyni útgerðarmanni, Keflavík, gegn Ingimar Einarssyni forstjóra, f. h. h.f. Garðs, Sandgerði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 61.038.78, auk 6% ársvaxta frá 11. maí 1954 til greiðsludags og greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Er mál þetta var þingfest, var fenginn frestur af hálfu stefnda og málið flutt í bæjarþing Hafnarfjarðar, en er það kom fyrir í bæjarþinginu, var ekki mætt af hálfu stefnda né skilað greinargerð.

Verður málið því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Stefndi hefur lagt fram í málinu sundurliðan reikning yfir viðskipti hans við stefnt hlutafélag, útgefinn af Garði h.f., og sýnir inneign stefnandi kr. 7.623.86. Þá heldur stefnandinn fram, að stefndi hafi ranglega og í heimildarleysi greitt af innstæðu stefnandans til Hraðfrystihúss Keflavíkur kr. 53.414.92, og er upphæð þessi færð til skuldar í reikninginn 24. maí 1954. Báðar þessar upphæðir nema samtals kr. 61.038.78, sem kemur heim við stefnukröfunu.

Þar sem stefnandinn hefur þannig gert nægilega grein fyrir kröfum sínum í málinu, verða þær teknar til greina, eins og þær liggja fyrir.

Málskostnaður þykir hæfilega metinn kr. 7.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Ingimar Einarsson f. h. Garðs h.f., greiði stefnandanum, Kjartani Steingrímssyni, kr. 61.038.78 auk 6% ársvaxta frá 11. maí 1954 til greiðsludags og málskostnað

með kr. 7.000.00, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. júní 1958.

Nr. 27/1958. **Ákærvaldið** (Tómas Jónsson hrl.)

gegn

Magnúsi Grímssyni (Lárus Jóhannesson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og lýst er í héraðsdómi, var ákærði að veiðum með dragnót á Skarðsvík á þeim tímum, sem í ákæruskjali greinir. Í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952 eru allar dragnótaveiðar bannaðar umhverfis Ísland innan þeirra marka, sem ákveðin eru í reglugerðinni. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms um niðurfall refsingar og greiðslu sakarkostnaðar ber að staðfesta hann að niðurstöðu til.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 3.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Magnús Grímsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Tómasar Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 3.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.